

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna verslunar- og þjónustusvæða í Laugarási.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. janúar 2020 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 7. nóvember 2019.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir tveimur nýjum svæðum fyrir verslun og þjónustu í Laugarási. Annars vegar er hluta samfélagsþjónustusvæðis S9, á lóðinni Launrétt 1, breytt í verslunar- og þjónustusvæði VP45. Hins vegar er landnotkun á lóðinni Laugargerði breytt úr landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu VP46.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 3. janúar 2020.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2020